


Þjóðskrá Íslands

Hugtök í mannvirkjaskrá



2012

[Type text]

Mannvirki

Skilgreining:

Hverskonar jarðföst manngerð framkvæmd (smíð) ásamt tímabundnum og lausum byggingum sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað. Manngerð framkvæmd (smíð) á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja.

Dæmi: Svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta fráveitumannvirki, umferðar og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og tögbrautir til fólksflutninga. Einnig hverskonar ræktun, snjóflóðavarnir, girðingar og hljóðmanir, lausar starfsmannabúðir eða húsvagnar.

Bygging

Skilgreining: Ein tegund mannvirkis. Hefur nýtanlegt rými í samræmi við tilgang byggingarinnar hverju sinni. Bygging er einn eða fleiri byggingaráfangar.

Dæmi: Hús byggt á staðnum eða sett saman úr einingum.

Ef mannvirki hefur rými sem hægt er að nýta en sú notkun er ekki í samræmi við tilgang þess er ekki um byggingu að ræða t.d. stífla eða brú sem hefur rými.

Mannvirkishluti

Skilgreining: Hluti mannvirkis sem gerður er í einum áfanga og tilheyrir aðeins einni tiltekinni landeign.

Dæmi: Mannvirkishluti getur verið byggingaráfangi, flötur eða annar hluti mannvirkis. Mannvirkishluti getur verið stigahús í fjölbýli, tengibygging, vegkafli, rafmagnslínur, glerskáli, fjarskiptavirki og svo framvegis.

Byggingaráfangi

Skilgreining: Bygging eða hluti byggingar sem byggður er í einum áfanga.

Dæmi: Ein bygging eða hluti byggingar sem heppilegt er að skrá sérstaklega þegar byggingarfræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu, s.s. byggingarefni, byggingarlag, byggingartími eða annað.

Nýbygging getur verið fleiri en einn byggingaráfangi ef heppilegt er að skrá hana þannig, til dæmis ef ekki er ætlunin að taka alla bygginguna í notkun á sama tíma.

Hæð

Skilgreining: Bygging skiptist í hæðir um hæðarskil. Hæðarskil eru í botnfleti og lokfleti hverrar hæðar. Neðstu hæðarskil eru í yfirborði botnplötu byggingar og efstu hæðarskil eru í þakfleti eða botnfleti fylgirýmis eða afgangsrýmis.

Lokflötur er efra yfirborð plötu eða hjúpflötur. Hæð hefur minnst eitt rými sem ekki er fylgirými.

Dæmi:

Summa rúmmáls allra rýma á hæðinni er jafnt heildarrúmmáli hæðarinnar.

(sjá reglu 3.1 um skráningu mannvirkja)

[Type text]

Rekstrareining

Skilgreining: Rými í byggingaráfanga sem mynda eina rekstrarlega heild og hafa hlutfallstölu í byggingaráfanganum. Rekstrareining getur ýmist verið séreign, sameign sumra eða sameign allra. Rekstrareining getur verið á mörgum hæðum.

Dæmi: Þvottahús í sameign sumra eigenda.

Bílgeymslur með bílastæðum eru ein rekstrareining.

Rými

Skilgreining: Afmarkað samfellt rúmmál innan hæðar í byggingu að meðtöldu umlykjandi virki. Rými tilheyrir einni rekstrareiningu og á eitt eða fleiri afnotarými. Rými tilheyrir einum höfuðflokki og einum lokunarflokki. Rými sem er opið að ofan hefur skráð rúmmál = 0.

Dæmi: Rými getur verið heil hæð í húsi, ein íbúð eða lokað rými undir stiga.

Afnotarými

Skilgreining: Hluti rýmis í byggingu sem hefur eina skilgreinda notkun og nettóflatarmál.

Dæmi: Eldhús, bað, skrifstofa, herbergi, geymsla.

Flötur

Skilgreining: Ein tegund mannvirkishluta. Er ekki bygging og hefur því ekkert nýtanlegt rými.

Dæmi: Þvottaplan, bílaplan.

Merking

Skilgreining: Merking er texti sem auðkennir og aðgreinir notkunareiningar sem tengjast sama staðfangi.

Dæmi: 1. hæð t.h., 1.5, íbúð b., forsetasvita. Merking getur t.d. vísað í hæð og röðun íbúða.

Notkunareining

Skilgreining: Notkunareining er ein tiltekin starfsemi eða tilgangur og uppfyllir kröfur byggingar- og skipulagsyfirvalda. Notkunareining þarf að geta staðið sem sjálfstæð fasteign.

Dæmi: Íbúð í fjölbýli, einbýlishús, aukaíbúð í einbýlishúsi, verslun, skrifstofa, borhoia, verksmiðja, skógrækt, golfvöllur, náma eða sundlaug.